



# HÁLENDISMIÐSTÖÐ Í DREKAGILI - DEILISKIPLAG

## BREYTING: Stækkun byggingarreits



Gildandi skipulag, samþ. í sveitarstjórn 10.5.2001. breytt 17.12.2013



Breytt skipulag

Mkv.: 1:1.500



Úr svæðisskipulagi miðhálandisins



### Skýringar

- Mörk skipulagssvæðis
- Byggingarreitir
- Tjaldsvæði
- Akvegir
- Aðkoma, bílastæði
- Gangstígar
- Núverandi byggingar
- Lækjarfarvegir
- Rotpró, sorpgámur
- Bílaaðkoma að tjaldsvæði
- Gönguleiðir
- Skýringarlínur



Sveitarstjórn Skútstaðahrepps leggur til að gerð verði minni háttar breyting á deiliskipulagi Hálandismiðstöðvar í Drekaagili, sem samþykkt var 10. maí 2001 (augl. í B-deild Stjt. 20.6.2001) með síðari breytingu (augl. í B-deild Stjt. 10.1.2013).

Breytingin er gerð til þess að aðlaga byggingarreit að þörfum Vatnajökulsþjóðgarðs sem hyggst reisa landvarðahús á svæðinu. Byggingarreitir eru frekar þröngir í upphaflegu deiliskipulagi til þess að halda breidd bygginga hóflegri og tryggja samræmi í hlutföllum. Jafnframt breikkun byggingarreits er því sett ákvæði um hámarksbreidd og stefnu meginbyggingar en breidd reitsins gefur hins vegar kost á útbyggingum.

### Breyting á greinargerð

#### Óbreytt skipulag

##### 3.3.4. Byggingarreitur fyrir starfsmannahús

Gert er ráð fyrir byggingarreit að stærð 8 x 15 m vegna möguleika á byggingu starfsmannahúss við Drekaagil. Reitur þessi er um 15 m NNV við núverandi landvarðarhús.

#### Breytt skipulag

##### 3.3.4. Byggingarreitur fyrir starfsmannahús

Gert er ráð fyrir byggingarreit að stærð 14 x 15 m fyrir starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs. Reitur er 10 m [leiðrétt tala] NNV við landvarðarhús FA. Miðað er við að breidd meginbyggingar verði að hámarki 8 m. Byggingarreiturinn rúmar útbyggingar frá meginbyggingu. Mænir meginbyggingar skal vera samsíða vegi.

### Breyting á skipulagsupprætti

Byggingarreitur, merktur landvarðahús (áður starfsmannahús), er breikkaður um 6 m og færður litillega í NA. Gönguleið milli húsa er lagfærð til samræmis. Breytt er merkingu á starfsmannahúsi (áður landvarðahús) til samræmis.

### Áhrifamat

Breytingin hefur engin neikvæð áhrif á umhverfið. Unnt er að fjarlægja byggingar og afmá nánast öll ummerki um starfsemi á svæðinu (afturkræf framkvæmd).

Breytingin á ekki við meginatriði deiliskipulagsins. Hún hefur engin áhrif á ákvæði annarra skipulagsáætlana (aðalskipulags og svæðisskipulags) og varðar ekki almanna-hagsmuni.

Breytingin telst óveruleg sbr. ákvæði greinar 5.8.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. grein 5.8.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 var grenndarkynnt

frá 11.04.13 til 07.05.13  
í samræmi við ákvæði greinar 5.9 í skipulagsreglugerð.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Skútstaðahrepps 27.05.13



Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar birtist í B-deild Stjórnartíðinda 11.06.13 538/2013



SKÚTSTAÐAHRÉPPUR

**TEIKNISTOFA**  
**ARKITEKTA**  
GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FELAGAR ehf.  
arkitekta hf

KAUPANDI VIMYRRAVEG 3 SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3  
600 AKUREYRI 01 REIÐKAVÍK  
SÍMI 491 0508 SÍMI 552 8740  
NETFANG: arn@teknistofa.is VEFANG: www.teknistofa.is

Dags. 22.3.2013